

Fundargerð stjórnarfundar Fjórðungssambands Vestfirðinga, mánudaginn 23. febrúar 2015, kl. 14:50. Haldinn í fundarsal Háskólaþess Vestfjarða, Árnagötu 2-4, Ísafirði og í fjarfundi frá Hólmavík. Mætt voru Friðbjörg Matthíasdóttir formaður, Baldur Smári Einarsson, Jónas Þór Birgisson, Ingibjörg Emilsdóttir (Hólmavík) og Sigurður Hreinsson. Auk þess sat fundinn Aðalsteinn Óskarsson framkvæmdastjóri og ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn og kynnti að Daníel Jakobsson hefði boðað forföll og í hans stað sæti Jónas Þór Birgisson. Bauð formaður Jónas velkominn til starfa en þetta er hans fyrsti fundur í stjórn.

1. Fundargerð stjórnarfundar 9. febrúar 2015

Lögð fram fundargerð stjórnarfundar þann 9. febrúar 2015, fundargerðin hefur áður verið send út í tölvupósti og óskast nú staðfest. Fundargerð staðfest.

2. Sóknaráætlun landshluta

a. Samningur um sóknaráætlun Vestfjarða 2015-2019

Lagður fram samningur um sóknaráætlun Vestfjarða 2015-2019 sem staðfestur var við athöfn í Ráðherrabústaðnum þann 10. febrúar sl. af formanni FV, mennta- og menningarmálaráðherra og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. Formaður og framkvæmdastjóri FV fluttu ávörp fyrir hönd landshlutasamtaka sveitarfélaga.

b. Framkvæmd sóknaráætlunar Vestfjarða

Framkvæmdastjóri kynnti að boðað hefur verið til vinnufundar í samráðshópi sóknaráætlunar landshluta þann 10. mars nk. Fyrir þann tíma þarf að marka stefnu um það sem varðar framkvæmd sóknaráætlunar Vestfjarða.

Unnið er að stefnumörkun sóknaráætlunar og skila á endanlegri útgáfu hennar þann 22. júní nk. Á meðan er landshlutasamtökum heimilt samkvæmt bráðbirgðaákvæði 19. greinar að taka til hliðsjónar stefnu eldri samninga. Þetta ákvæði er sett til þess að mögulegt sé að láta fjármagn samningsins renna til verkefna, þar af verður að telja verkefni Uppbyggingarsjóðs í forgang.

Telja verður að fyrsta starfsárið taki mikið til mið af því sem rammi eldri samninga hefur skapað, það snýr jafnt af þeim sem hafa haft umsjón með þessu verkefni, þ.e. starfsmenn FV og Atvest, og ekki síður gagnvart væntanlegum umsækjendum.

Framkvæmdastjóri kynnti minnisblað um framkvæmd verkefnisins.

Rætt um efni minnisblaðs framkvæmdastjóra og á grundvelli efni minnisblaðs og umræðu stjórnar gerði formaður eftirfarandi tillögu.

Heildarfjárhæð	89.500.726				
Áhersluverkefni Menningarmál	7.910.000				
Áhersluverkefni Sóknaráætlunar	13.590.726				
Uppbyggingarsjóður	20.000.000	Menningarmál, stofn og rekstrarstyrkir og stærri verkefni			
Uppbyggingarsjóður	20.000.000	Atvinna og nýsköpun, stærri verkefni			
Uppbyggingarsjóður	20.000.000	Atvinna og nýsköpun og menningarmál, minni verkefni			
Umsjón	8.000.000				

Styrkfjárhæð til minni verkefna miðist við allt að 1 mkr eða lægri fjárhæð, umfang verkefnis er því 2 mkr eða minna og verkefnin vinnist innan ársins. Stærri verkefni miðist við styrkfjárhæð hærri en 1 mkr, umfang verkefnis er því 2 mkr og herra og má standa til lengri tíma en eins árs. Stofn- og rekstrarstyrkir eru veittir til eins árs en mögulegt verði að sækja um styrk til fleiri ára.

Stjórn Uppbyggingarsjóðs verði skipuð 9 fulltrúum sem komi að grunni til frá Menningarráði Vestfjarða og stjórn Vaxtarsamnings Vestfjarða. Að auki skipi stjórn FV fulltrúa sveitarfélaga að því marki sem samningur um Sóknaráætlun Vestfjarða leyfir.

3. Umsagnir FV.

a. Frumvarp til laga um náttúrupassa.

Kynnt umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um frumvarp til laga um náttúrupassa, frá 20. febrúar sl. Stjórn samþykkir að taka undir umsögn sambandsins en felur framkvæmdastjóra að áréttu hlutverk upplýsingamiðstöðva og markaðsstofa landshluta samhliða aukningu erlendra ferðamanna til landsins.

b. Frumvarp um stjórn vatnamála.

Kynnt umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 18. febrúar sl. Stjórn samþykkir að taka undir umsögn sambandsins.

4. Önnur mál

Skýrsla Atvest: „Vestfirðir hluti af heildinni“.

Kynnt skýrsla Atvest er unnin var fyrir FV sem hluta af verkefninu markaðssetning Vestfjarða er snýr að opinberum aðilum. Verkefnið er stutt af Sóknaráætlun Vestfjarða 2014.

Haldinn var vinnufundur í Reykjavík þann 4. desember sl. sem fulltrúar um 40 stofnana sóttu og teknar til umræðu helstu hindranir og mögulegar lausnir í uppbyggingu opinberra starfa á Vestfjörðum. Skýrslan verður kynnt sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra á fundi í Reykjavík þann 25. febrúar nk.

Stjórn FV þakkar Atvest góða vinnu og felur framkvæmdastjóra að sækja fund með ráðherra og kynna efni skýrslunnar víðar í stjórnkerfinu.

Fundi slitið kl. 16:10.

Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri